



– fyrir íslenska verslun

Alþingi  
Erindi nr. P 135/391  
komudagur 26.11.2007

Alþingi  
Viðskiptanefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2007

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 95. mál, álagningarstofn eftirlitsgjalds**

Félag íslenskra stórkaupmanna vísar til frumvarps til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 95. mál, álagningarstofn eftirlitsgjalda, sem sent var félaginu til umsagnar með erindi dagsettu 1. nóvember sl.

Áður en vikið er að efni frumvarpsins er rétta að nefna í nokkrum orðum hver staða váttryggingamiðlunar er hér á landi.

**1. Staða váttryggingamiðlunar**

Váttryggingamiðlun, sem varð fyrst möguleg hér á landi með lögfestingu EES samningsins, átti frá upphafi erfitt uppdráttar. Tryggingafélögin sem hér voru fyrir á markaði vildu ekki samstarf við váttryggingamiðlara og töldu þessa starfsgrein ekki eiga erindi á markað hér. Ekkert þeirra vildi bjóða váttryggingamiðlurum starfsábyrgðartryggingar og er svo enn í dag. Starfsábyrgðartryggingar sínar þurftu váttryggingamiðlarar að sækja á Lloyds markaðinn í Englandi. Váttryggingamiðlarar voru því tilneyddir að leita út fyrir landsteinana að samstarfsaðilum og eins að starfsábyrgðartryggingu. Tvö bresk líftryggingafélög hófu samstarf við váttryggingamiðlara í kringum árið 1996, þ.e. Sun Life og Friends Provident. Þau komu með nýjungar inn á markaðinn sem var vel tekið af Íslendingum og náðu hér gífurlegri markaðsstöðu. Innlendu félögin brugðust við með því að auka framboð sitt og keppa við þessi erlendu félög til hagsbóta fyrir íslenska tryggingataka.

Með lögum um váttryggingasamninga nr. 30 frá 2004 sem tóku gildi 1. janúar 2006 var fótunum nánast kippt undan starfsemi erlendu félaganna áður nefndu og dró Sun Life sig út af íslenska markaðnum og Friends Provident minnkaði vöruframboð sitt til muna og hækkaði gjaldskrár. Þetta er öfugsnúið með tilliti til þess að tilgangur hinna nýju laga var að tryggja hag neytenda en skilaði sér í aukinni fákeppni, hærra verði og minna vöruvali.

Nú er svo komið að segja má að starfsemi váttryggingamiðlara sé í andaslitrinum. Á sama tíma leika hér lausum hala söluskrifstofur sem selja váttryggingar og lífeyrissparnað og eru sagðar undir húsbóndaábyrgð innlendu bankanna og/eða innlendu váttryggingafélagana. Þessi starfsemi heyrir ekki undir Fjármálaeftirlitið (FME) og greiðir því ekki eftirlitsgjald, né starfsábyrgðartryggingu.

Það ætti að vera kappsmál fyrir Alþingi að búa betur að váttryggingamiðlun hérlendis því í flestum löndum sem við viljum bera okkur saman við er þetta blómleg atvinnugrein og þekkist að allt að 80% trygginga fari um hendur miðlara, sem eiga að tryggja bestu kjör til tryggingatakana. Váttryggingamiðlarinn á að vera milliliður milli váttryggingafélagana og tryggingatakans og kunna skil á breytilegum skilmálum og geta borið saman hvað best hentar hverjum. Það væri því nær að létta byrðum af þessari atvinnugrein en auka og sjá til þess að hún nái að dafna til hagsbóta fyrir íslenska váttryggingataka.

## 2. Frumvarpið

Í frumvarpinu er lagt til að greiðsla af iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári hækki um 46,3%, úr 0.147% í 0,215%. Lágmarksfjárhæðin er sú sama kr. 300.000,-. Aðrar fyrirhugaðar breytingar á 5. gr. laga nr. 99/1999 jafnast ekki á við umrædda hækkun. Sú hækkun sem næst kemst er 22% hækkun á greiðslum verðbréfafyrirtækja sem er hlutfall af eignum. Einnig er lagt til í frumvarpinu að tiltekin gjöld lækki hjá einstaka eftirlitsskyldum aðilum.

Í frumvarpinu er þó ekki að finna neinn rökstuðning fyrir svo gífurlegri hækkun. Þrátt fyrir að í 2. gr. laganna sé ráð fyrir því gert að FME leggi mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr. laganna. Sé tekið mið af þeirri stöðu og þróun sem orðið hefur undandarin ár á sviði váttryggingamiðlunar má þó ljóst vera að greinin hefur ekki vaxið um rúm 46% sem kallað hefur á 46% meira eftirlit FME. Nær er að líta svo á að starfsemin hafi dregist saman sem útheimti minna eftirlit ef eitthvað er.

Víða er í frumvarpinu minnst á tímaskráningu FME sem grunn að útreikningi gjaldsins þó jafnframt sé dregið úr þeirri forsendu sem grundvelli. Tímaskráninguna er þó ekki að finna í athugasemdum með frumvarpinu eða fylgiskjali og ekki heldur úrdrátt eða samandregnar niðurstöður hennar. Fróðlegt væri fyrir viðskiptanefnd að skoða tímaskráninguna til að fullvissa sig um að tillagðar hækkanir og lækkunir stemmi við niðurstöður tímaskráningarinnar.


Taka má dæmi af lítilli váttryggingamiðlun sem þyrfti að greiða rúm kr. 700.000,- í eftirlitsgjöld í stað tæpra kr. 500.000,- auk hátt í kr. 1.500.000,- árlega fyrir starfsábyrgðartryggingu. Hér er því um verulegan kostnað að ræða í lítilli atvinnugrein.

### 3. Niðurstaða

Í frumvarpinu er lögð til 46,3% hækkun eftirlitsgjalda vegna starfsemi váttryggingamiðlara sem er umtalsvert meira en lagt er til varðandi önnur eftirlitsgjöld, sem ýmist hækka mun minna eða jafnvel lækka. Hvergi er í athugasemdum með frumvarpinu minnst á starfsemi váttryggingamiðlunar sem rennt gæti stoðum undir þvílíka hækkun. Svo sem sjá má af ofanrituðu er um starfstétt að ræða sem átt hefur erfitt uppdráttar hér á landi að undanfögnu og frekar hefur dregið úr starfseminni en hitt. Þrátt fyrir mikilvægi starfseminnar þegar kemur að vernd neytenda á tryggingamarkaði.

Í ljósi þessa gerir Félag íslenskra stórkaupmanna alvarlegar athugasemdir við þá hækkun eftirlitsgjalda sem lögð er til í frumvarpinu án nokkurs rökstuðnings í athugasemdum með frumvarpinu.

Virðingarfyllt,  
f.h. Félags íslenskra stórkaupmanna

  
Sigurður Örn Guðleifsson hdl.